



Nefndarsvið Alþingis

b.t. fjárlaganefndar Alþingis

Dags. 16.05.2019

Efni: Tillaga þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál

Á 256. fundi sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar þann 16.05.2019 var tekin fyrir umsögn um tillögu um fjármálaáætlun 2020-2024.

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi:

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024.

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar leggst alfarið gegn þeirri hugmynd sem fram kemur í tillögunni um frystingu framlags til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna til þriggja ára.

Sveitarfélögin hafa nú þegar gert sínar fjárhagsáætlanir til næstu þriggja ára og byggja þær á óbreyttum leikreglum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ekki verður betur séð en þessi aðgerð bitni harðast á þeim byggðum sem veikastar standa og gangi þannig í berhögg við boðaða eflingu byggðar um allt land sem meðal annars hafa birst í þróttmeiri sóknaráætlunum landshlutanna.

Því hvetur sveitarstjórn Pingeyjarsveitar til þess að þessar hugmyndir um frystingu framlaga til jöfnunarsjóðs verði dregnar til baka.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Dagbjört Jónsdóttir

Sveitarstjóri Pingeyjarsveitar